

Skinney-Þinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 16.4.2024
UST202402-105/F.T.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíks í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11. desember 2023, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskimjölsverskmiðju Skinneyjar-Þinganess í Höfn í Hornafirði þann 19. október 2023. Þrjú frávik voru skráð í eftirlitinu en tveimur þeirra var lokað í framangreindu bréfi. Rekstraraðili sendi stofnuninni úrbótaáætlun vegna þess þriðja.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 16 í efnalögum nr. 61/2013. Efnageymsla og þró sem er tengd henni, uppfylla ekki kröfur sem eru gerðar í efnalögum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður núverandi efnageymsla notuð fyrir ediksýru og maurasýru. Útbúin verður önnur geymsla, með lekabyttum, fyrir 30% sóða, perlusóða, Agress sápu, FPC og Termin 8, (þ.e. sóða, sápur og sótthreinsiefni). Fengin verður sérhönnuð lokuð geymslueining fyrir saltsýru og saltþéturssýru. Áætluð verklok eru fyrir 31. desember 2024.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði fráviki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur